

Félagsfundur 03.12.2014

Miðvikudaginn 3. desember á 5. hæð Alþýðuhússins og hófst hann kl. 17:00

Kynningarfundur um stöðu samninga og staðan í lífeyrismálum almennt

Formaður félagsins Jóhann Rúnar Sigurðsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, hann las upp fundarboðunina og óskaði eftir athugasemdum sem engar voru og ályktaði hann þá fundinn löglegan og ályktunarhæfan. Fundarstjóri var kosinn en varaformaður félagsins Jóhann Valberg Jónsson stýrði fundinum.

Formaður félagsins fór yfir stöðuna á samningunum og þeirri vinnu sem framundan er. Búið er að halda einn fund með Samtökum atvinnulífsins og annar fundur er boðaður í næstu viku. Félagið fékk hól frá félagsmönnum annara félaga í Samiðn fyrir góðar tillögur og vinnu er varðar sérmálin inni á sambandsstjórnarfundi sem haldinn var í vor, en félögin lögðu inn hvert fyrir sig sínar tillögur að sérmálunum sem miðstjórn Samiðnar vann í framhaldinu í eina heild. Eftir næsta fund með SA munu þeir koma með skrifleg svör við hverjum lið og þá mun miðstjórn/sambandsstjórn Samiðnar fara yfir þau gögn og fara yfir viðbrögð við þeim. Formaður sagði svo frá áframhaldandi vinnu stjórnar um næstu skref í kjaravinnunni en samningurinn verður laus í byrjun mars. Trúnaðarmenn munu verða kallaðir til vinnufundar í seinni hluta janúar en í millitíðinni mun stjórnin senda út kjarakönnun á félagsmanninn og hvatti formaður alla viðstadda til að fá féлага okkar til þátttöku en það sé afar mikilvægt fyrir stjórn að fá þær upplýsingar til áframhaldandi vinnu. Í framhaldinu verður svo væntanlega boðað til félagsfundar í febrúar varðandi kröfur ef og þegar þær hafa verið mótaðar af okkur og Samiðn.

Kristján Örn Sigurðsson framkvæmdarstjóri Sameinaða Lífeyrissjóðsins fór yfir stöðuna á lífeyrissjóðnum og upplýsti félagsmenn um að eignasafn sjóðsins væri gott og þónokkur viðsnúningur væri á því miðað við síðastliðin ár. Hann benti félagsmönnum á að Sameinaði lífeyrissjóðurinn sé með verulega góðar upplýsingar á heimasíðunni og sé eini sjóðurinn sem geri það en allar upplýsingar um stjórnarfundi fari þar inn. Þarna sjá menn iðgjöldin og geta reiknað út sína stöðu. Sjóðurinn hefur hækkað um 4,6% á einu ári miðað við félagsgjöld. Greinilegt er að þær greinar sem að hrunið bitnaði mest á séu að taka við sér og vitnaði í byggingargeirann sem dæmi. Hann fór yfir séreignarsparnaðinn og mælti með því að sjóðsfélagar sem séu ekki með of hátt hlutfall láns í íbúð nýti skattaheimildina til að greiða inn á lánin sín, betri ávöxtun bjóðist félagsmönnum

ekki. Kristján benti síðan á að ekki sé um mikla nýliðun í greinunum og eftir tvö ár miðað við sama framhald þá verði lífeyrir og iðgjaldagreiðslur nánast á pari. Kristján telur að mikilvægt sé fyrir sjóðinn og félögin að kynna betur iðnnám fyrir yngra fólki en í framtíðinni samkvæmt útreikningum tryggingarstærðfræðinga þá verði hlutfallið alltaf lægra og lægra en það séu nú þír vinnandi á móti einum sjóðsfélaga. Grípa þurfi í framtíðinni til hækkunar á aldri til töku lífeyris vegna hækkunar lífaldurs eða að hækka greiðslurnar úr 12% í 15%. Þetta er það sem félagsmenn muni standa frammi fyrir á næstunni í umræðunum. Mikilvægt sé því að fylgjast með þeim hugmyndum sem að sem eru í umræðunni og vinna það í sátt við félagsmenn, að ekki séu allir sjóðir eins og skoða verði það í því samhengi. Kristján fór yfir kostnaðarbreytingar sem sjóðurinn hefur orðið að fara í á þessu ári en meðalannars var nauðsynlegt að ráða lögfræðing til vinnu gagna gagnvart eftirlitsaðilum sem sjóðurinn þarf að standa skil á, einnig var þónokkur kostnaður gagnvart hússnæðisflutningi sjóðsins en það sé ekki varanlegur kostnaður. Því næst fór hann yfir fjárfestingarmöguleika sjóðsins gagnvart höftunum og möguleikum á ávöxtuninni innanlands. Kristján fór yfir breytingar sem sjóðurinn hefur tekið gagnvart því að eiga eða sameinast um fulltrúa í stjórnnum fyrirtækja sem sjóðurinn á í en það er viðhorfsbreyting vegna umræðna í þjóðfélaginu, en vandamálið sé þó það að sjóðurinn eigi sjaldnast ráðandi mann í eignarhlut og því þurfi að horfa til sameiginlegs fulltrúa sjóða gagnvart stjórnarmanni. Einnig nefndi hann að sjóðurinn muni setja ákveðna upphæð í nýsköpunarfyrirtæki í gegnum starfandi sjóði sem eru sérhæfðir í því að meta þessi nýsköpunarfyrirtæki en skilyrðið er að þessir sjóðir séu einnig fjárfestar í þeim verkefnum.

Þónokkrar umræður urðu um lífeyrismálin og fjölmargar fyrirspurnir til Kristjáns varðandi þau sem og stöðu hússnæðismála.

Fundarstjóri gaf formanni orðið sem þakkaði Kristjáni sem og fundarmönnum fyrir góðan fund, hann hvatti félagsmenn til að mæta á félagsfundum og að reyna að draga sem flesta félagsmenn með sér á fundina en félagið er til fyrir félagsmanninn og fundirnir gerðir til þess að fá fram sem flestar skoðanir þeirra á málefnum félagsins.

Önnur mál voru engin og fundi slitið kl.18:54

Jóhann Rúnar Sigurðsson, formaður